

Hafnarfjarðarbær
Bjarki Jóhannesson,
sviðsstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. ágúst 2008
Tilvísun: UST20080600102/ksj

Aksturs – og skotæfingasvæði í Kapelluhrauni deiliskipulagstillaga.

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar er barst Umhverfisstofnun þann 13. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi aksturs- og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni. Erindinu fylgir uppdráttur með greinargerð, umhverfisskýrsla og hljóðvistargreining frá verkfræðistofunni Línuhönnun.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna og umhverfisskýrslu.

Deiliskipulagsuppdráttur

Á uppdrætti af deiliskipulagssvæðinu er viðeigandi hluti aðalskipulags Hafnarfjarðar sýndur í efra hægra horni. Þar stendur að það sé aðalskipulag Hafnarfjarðar 2002 – 2025 en ætti að vera 2005 – 2025. Á uppdrættinum kemur fram að deiliskipulagssvæðið sé alls 80 hektarar, en í greinargerð er fylgir aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025 kemur fram að opið svæði til sérstakra nota í Kapelluhrauni sem merkt er A, sé 70 hektarar (bls. 40). Umhverfisstofnun bendir á að misræmi er á milli aðalskipulags og deiliskipulagstillögu hvað varðar stærð svæðisins.

Umhverfisskýrsla

Skipulagssvæðið

Í texta og myndum í umfjöllun um skipulagssvæðið kemur fram að hraunsvæðið sem deiliskipulagstillagan nær yfir er afar fallegt eldhraun í svokölluðu Kapelluhrauni er rann að talið er árið 1151. Á svæðinu er nokkuð úfið apalhraun og er helsti gróður mosagróður, graslendi og stöku runnar. Í umfjöllun um deiliskipulagssvæðið kemur einnig fram að á hluta svæðisins er nú þegar kvartmílubraut og skotæfingasvæði ásamt tilheyrandi félagsheimilum og hefur hrauni verið raskað vegna þeirrar uppbyggingar og vegna efnistöku.

Kynning og samráð

Umhverfisstofnun telur að kynningum og samráði séu gerð góð skil í umhverfisskýrslunni. Umhverfisstofnun bendir á að þær athugasemdir sem farið er yfir í kaflanum koma frá

fyrirtækjum, samtökum og nefndum. Í ljósi þess að stutt er frá deiliskipulagssvæðinu í íbúðarsvæði á Völlunum og áætlaðri starfsemi fylgir hávaðamengun bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að deiliskipulagstillagan sé kynnt fyrir íbúum nærliggjandi svæða. Umhverfisstofnun tekur undir þær athugasemdir að of litlu af óröskuðu hrauni verði þyrmt og að heild hverfisverndaða hlutans verði rofin, þar sem hann skiptist í 3 hluta og akstursbrautir skipulagðar á milli þeirra.

Mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlunarinnar

Fram kemur að 15 – 20 hektarar af óröskuðu eldhrauni verði raskað sem er óafturkræf aðgerð. Samkvæmt 37. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skal forðast eins og kostur að raska eldhrauni. Umhverfisstofnun tekur undir að það sé mikilvæg aðgerð að ná utanvegaakstri inn á væntanlegar brautir deiliskipulagssvæðisins, en akstur utan vega er bannaður samkvæmt 17. gr. laga um náttúruvernd.

Land, náttúra, menningarminjar, lífríki

Umhverfisstofnun fellst ekki á að ávinningur af að ná utanvegaakstri inn á tillögusvæðið gæti orðið meiri fyrir náttúru og náttúruvernd en neikvæð áhrif af röskun hrauna innan skipulagssvæðisins. Eins og fram hefur komið er utanvegaakstur bannaður og því er ekki hægt að draga úr áhrifum af röskun hrauna á þennan hátt. Umhverfisstofnun tekur ekki undir að áhrif á lífríki verði óveruleg þar sem gróður og annað lífríki þurrkast út á röskuðu svæðunum..

Landslag og ásýnd

Í umfjöllun um áhrif á landslag og ásýnd eru þau talin frekar neikvæð, því svæði sem er með náttúrulegu landslagi nú verði gert manngert. Síðan segir: „*Landslag á skipulagssvæðinu er þó ekki sérstætt í stærra samhengi, mosavaxnar hraunbreiður einkennandi, og svipað landslag sunnan við skipulagssvæðið mun verða óraskað áfram*”. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005 – 2025 er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði sunnan skipulagssvæðisins og ofanbyggðavegi og íbúðarsvæði þar fyrir sunnan svo ekki er séð fyrir að þar verði óraskað landslag áfram. Aftur á móti er mikið hverfisverndað svæði fyrir sunnan áður nefnt íbúðarsvæði, sem mögulega er verið að vísa til. Í umfjöllun um sjónræn áhrif eru þau talin nokkur, vegna röskunar á hraunum, manngerðu landslagi, malbiki, hljóðmönnum og byggingum. Umhverfisstofnun telur áhrif væntanlegra framkvæmda veruleg þar sem 15 – 20 hekturum af ósnortnu eldhrauni verður raskað. Fram kemur einnig að gerð er krafa um að mannvirki verði látin falla vel að svipmóti lands. Í umhverfisskýrslu er hljóðmönnum ekki lýst nákvæmlega hvað hæð og efni varðar en í skýrslu Línuhönnunar er fylgir erindinu þar sem farið er yfir niðurstöður hljóðvistargreiningar kemur fram að mótvægisáðgerðir í formi hljóðmana til þess að lækka hljóðstig í væntanlegum íbúðarhverfum fyrir sunnan deiliskipulagssvæðið eru áætlaðar 7 metra háar og gert er ráð fyrir 3 metra háum steinvegg þar ofan á. Á uppdrætti eru þessar hljóðmanir sýndar allt í kringum „motorcross” svæðin tvö sem ráðgerð eru inni á milli óröskuðu hraunsvæðanna. Umhverfisstofnun telur að slíkar mótvægisáðgerðir myndu hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Gera þyrfti betur grein fyrir ofangreindum hljóðmönnum með þrívíddarteikningum.

Mat á umhverfisáhrifum valkosta

Valkostur um staðsetningu –núverandi rallycross-svæði.

Að byggja upp „motorcross” aðstöðu á svæði þar sem þegar hafa verið gerðar rallycrossbrautir vestan Krýsuvíkurvegjar er afar æskilegt að mati Umhverfisstofnunar. Akstursíþróttasvæðin yrðu tvö en bæði byggð upp á þegar röskuðum svæðum.

Hljóðvistargreining


Verkfræðistofan Línuhönnun hefur skoðað áhrif uppbyggingar á akstursíþrótt- og skotæfingasvæði í Kapelluhrauni á hljóðvist á svæðinu. Í inngangi skýrslu Línuhönnunar kemur fram að hámarkshljóðstig nærri hljóðuppsprettum gæti legið á bilinu 110 – 130 dB. Því sé mikilvægt að huga vel að skipulagi svæðanna sem og útfærslu hljóðvarna. Samkvæmt skýrslu Línuhönnunar kemur einnig í ljós að athuganir sýna að væntanleg starfsemi svæðisins verður innan við íslensk viðmiðunargildi þar sem reiknað er jafngildishljóðstig yfir 24 klukkustundir. Línuhönnun skoðaði einnig viðeigandi reglugerðarkröfur frá Danmörku og Svíþjóð, enda kemur fram í 1. lið viðauka við reglugerð um hávaða nr. 933/1999 að slíkt skuli gera í tilvikum eins og hér um ræðir sbr: „Ef upp koma tilvik sem þessar reglur ná ekki yfir, skal velja viðurkennda hávaðareglu sem stuðst er við í slíkum tilvikum í einhverju hinna Norðurlandanna.“


Sú starfsemi á aksturs- og skotæfingasvæði í Kapelluhrauni sem getur haft í för með sér mestan hávaða er „motorcross“ en klukkustundargildi fyrir „motorcross“ brautir er 20 dB fyrir ofan dönsk viðmiðunarmörk þegar gert er ráð fyrir 7 metra hárrí hljóðmön og 3ja metra háum steinvegg ofan á. Svo hátt hljóðstig á væntanlegum íbúðarsvæðum hlýtur að hafa þau áhrif að endurskoða þurfi aðalskipulag hvað íbúðarsvæðin varðar. Á uppdrætti með tillögu að deiliskipulagi ofangreinds svæðis er „motorcross“ ofið inn á milli hverfisvernduðu svæðanna á tillögunni. Þar sem ljóst er að „motorcross“ brautirnar framkalla mestan hávaða mun það hafa áhrif á útivistargildi á hverfisvernduðu svæðunum.

Niðurstaða

Deiliskipulagstillaga aksturs – og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni er ætlaður staður á 70 – 80 ha. svæði sem er að hluta til á þegar röskuðu svæði, en kemur einnig til með að raska stóru svæði ósnortins eldhrauns. Samkvæmt 37. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skal forðast röskun eldhrauna eins og kostur er. Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að u.þ.b. 15 hektarar svæðisins verði áfram ósnortið hraun og verður það svæði undir hverfisvernd bæði vegna mannvistarminja og náttúruminja. Það hverfisverndaða svæði verður skipt í 3 hluta vegna nýrra svæða fyrir „motorcross“ iðkendur. Afar mikilvægt er að tengja hverfisverndarsvæðin saman ef þess er nokkur kostur. Vegna mikils hávaða er stafar af akstursíþróttum og skotæfingum mun þurfa hljóðmanir kringum æfingasvæðin eins og gert er ráð fyrir í deiliskipulagstillögunni. Um 7 metra háar hljóðmanir með steiptum vegg ofan á, alls um 10 metrar á hæð munu hafa neikvæð sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun ítrekar að gera þarf betur grein fyrir ofangreindum hljóðmönnum með þrívíddarteikningum. Umhverfisstofnun bendir á að hvað náttúruvernd varðar væri betri lausn að byggja upp „motorcross“ brautir í þeirri rallycrossbraut sem þegar er til staðar og nefndar eru í umhverfisskýrslu sem kostur. Rallycrossbrautin er staðsett 2 km suðaustur af deiliskipulagssvæði því er tillagan nær yfir. Þá yrði óraskað hverfisverndað hraunsvæði óskipt og stærra en gert er ráð fyrir í tillögunni sem hér er til umfjöllunar.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun